

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn og kt. rekstraraðila: Stolt Sea Farm Holdings Kt: 690911-0480	Dags. eftirlits: 28.11.2016	Staðsetning stöðvar: Vitabraut 7 Reykjanesi	Starfsleyfisflokkur: 3
Tengiliður: Ólafur Arnarsson	Netfang: o.arnarsson@stolt.com	Sími: 660 0813	Gerð stöðvar: Landeldi
Gildistími starfsleyfis: 01.07.2024	Kvittun afhend: Já	Viðstaddir eftirlit: Stefán Árnason	Fulltrúi heilbrigðiseftirlits: Enginn

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	x			Eru búnir að fá rekstrarleyfi fyrir styrjueldi en bent er á að sækja þarf um breytingu á starfsleyfi vegna þessa.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?		x		Engar breytingar eru áætlaðar í eldisstöðinni.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	x			Góðar skráningar er ú rekstrarhandbók.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?	x			Komið
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?	x			Komið
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir til staðar? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og	x			Komið

Ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)				
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			x	Á ekki við
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	x			Komið
Er neyðaráætlun til staðar?	x			Komið

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?		x		Vísir að umhverfismarkmiðum inni á heimasíðu fyrirtækisins en þarf að bæta og aðlaga að stöðinni. GlobalGAP vottun er til staðar.
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	x			Norkan feeding system kerfi er til staðar.
Er skráning á losun fósfors og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	x			Mælingar voru síðast gerðar árið 2015 en mæla þarf á 3ja ára fresti. Rekstraraðili tekur sýni 2x á ári og sendir til Spánar til greiningar. Sýni var síðast tekið í júní sl. og stefnt er að næstu mælingu nú í desember
Ástand frárennslis (landeldi). Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hítaupgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?	x			Gengið var niður að bunustokknum. Enga uppsöfnun var að sjá í fjöruborðinu en brim gengur alveg upp að útrásinni. Greina mátti örlitla lykt frá bunustokknum en enga sem telst óeðlileg við frárennslis fiskeldis. Að sögn rekstraraðila tekur stokkurinn 4.155 l/s en í dag renna um 800 l/s frá stöðinni.

Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennsli, síjun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.	x			Engin hreinsun er á frárennslinu. Það rennur í lokuðum lögnum niður að bunustokk HS orku þar sem það sameinast frárennsli HS orku og þaðan út í sjó.
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Sjá fyrri liði
Umhverfi sjókvía. Hvernig er fylgst með uppsöfnun fóðurleifa – þarf að fylgjast með? Er mikið af þörungablóma eða fugli í nágrenninu?			x	Á ekki við
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.	x			Sjá fyrri lið
Er staðsetning kvía skv. starfsleyfi?			x	Á ekki við
Hver er fjöldi kvía, stærð þeirra og áætlað magn og stærð fiskjar?			x	Á ekki við
Hvenær er áætluð slátrun úr kvíum? Hvar verður slátrað? Hver tekur við slógi? Hvenær er næsta útsetning seiða áætluð?			x	Á ekki við
Meðhöndlun úrgangs og spiliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	x			2000L olíutankur er í stöðinni og er hann nýr frá 2013, tvöfaldur og í góðu ásigkomulagi. Allur dauðfiskur er háfaður upp daglega og fer til Skinnfisks. Annar úrgangur er flokkaður í helstu flokka og sóttur af Hópsnesi sem sér um sorpflokkun á svæðinu.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?	x			Komið
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.	x			Komið, en bent er á að skila þarf niðurstöðum mælinga á fosfór og nitri í einingunni kg/framleitt tonn.

Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			x	Á ekki við
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	x			Næstu mælingar eru áætlaðar í desember nk. Rekstraraðili tekur sýnin sjálfur og sendir út til rannsóknarstofu fyrirtækisins á Spáni.

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Tvö frávik komu fram við eftirlit, annars vegar varðandi skil á ársskýrslu og hins vegar skil á grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi. Einnig voru gerðar tvær athugasemdir varðandi tryggingar v. bráðamengunar hafs og stranda og niðurstöður mælinga skv. vöktunaráætlun vantar.

Samantekt:	Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Gengið var um stöðina og aðstæður og frárennsli skoðuð. Farið var niður að bunustokk og aðstæður í fjöru skoðaðar. Stöðin og umhverfi hennar var snyrtilegt á að líta og engar athugasemdir gerðar við frárennsli frá kerum eða aðstæður við bunustokk. Engar kvartanir hafa borist rekstraraðila né eftirlitsaðila og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti. Búið er að bæta úr þeim frávikum sem fram komu við síðasta eftirlit sem og athugasemdum.
Frávik	Engin frávik komu fram við eftirlitið
Athugasemdir	Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.
Annað	

Undirskrift eftirlitsmanns: *G. Stella Arnadóttir*

EFTIRLITSSKÝRSLA

Stolt Sea Farm Holdings Stolt Sea Farm Holdings



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	28.11.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Stolt Sea Farm Holdings	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Vitabraut 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6909110480	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Ólafur Arnarsson	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Stefán Árnason	Staðsetning	N63 49,54 V22 42,56

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlitið og engar athugasemdir voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því.

Gengið var um stöðina og aðstæður og frárennsli skoðuð. Farið var niður að bunustokk og aðstæður í fjöru skoðaðar.

Stöðin og umhverfi hennar var snyrtilegt á að líta og engar athugasemdir gerðar við frárennsli frá kerum eða aðstæður við bunustokk.

Engar kvartanir hafa borist rekstraraðila né eftirlitsaðila og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

Búið er að bæta úr þeim frávikum sem fram komu við síðasta eftirlit sem og athugasemdum.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 01.12.2016

Guðbjörg Stella Árnadóttir